

desember | 2023

SOS- BLAÐIÐ

 SOS
BARNAPORPIN

Ég fyllist sorg og hugsa mikið til þeirra

Hera Björk heimsótti SOS barnaporp
í Palestínu og Ísrael

Bls. 3

Lét eftir sig tvær eiginkonur og 13 börn

Útskrifuð úr fjölskyldueflingu
og getur séð fyrir börnunum

Bls. 4

Gaf móður sinni frumlega jólagjöf

„Tengdamamma táraðist og mamma fékk gæsa húð“



Bls. 6

Þórdís Kolbrún hitti styrktarbarn móður sinnar
í SOS barnaporpi í Malaví

1 AF HVERJUM 10 BÖRNUM

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að eitt af hverjum tíu börnum og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau eru að alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum.

Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur vítahringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf SOS Barnaþorpanna snýst um að breyta þessu.

Tilfinningaleg
tengsl
foreldra við
börn geta
breytt heiminum

109



Íslendingar styrkja börn
í SOS barnaþorpum
í 109 löndum

9.000



Styrktarbörn
Íslendinga eru
rúmlega 9 þúsund

20.700



einstaklingar og fyrirtæki
á Íslandi hafa styrkt SOS
Barnaþorpin á árinu 2023 (nóv.)

Neyðin

-110 milljónir eru á flóttu eða vergangi (nóv 2023)

-43,3 milljónir þeirra eru börn

-12 milljónir stúlkna eru giftar fyrir 18 ára aldur



Ertu að leita að gjöf fyrir einhvern sem vantar ekkert?

Gjafabréf SOS Barnaþorpanna er tilvalið í pakkann og nauðstödd börn njóta gjóðs af.

Andvirði gjafabréfsins er framlag í nafni þess sem fær gjafabréfið.



GJAFABRÉF SOS

SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1
200 Kópavogi
Sími 564 2910
sos@sos.is
www.sos.is

SOS - BLAÐIÐ

2. tölublað - 29. árgangur - desember 2023.

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi.

Ritstjóri: Hans Steinar Bjarnason.

Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram.

Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson.

Forsíðumynd: Inga Hrefna Sveinbjarnardóttir.

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi.



Frá framkvæmdastjóra

Hvers virði væri það?

- Barn sem hefur misst foreldra sína og þarf að annast yngri systkini sín er í miklum vanda.
- Barn sem á það á hættu að missa forræði foreldra sinna vegna vanrækslu er ekki í óskastöðu.
- Barn sem sér ættingja sína eða nágranna myrta af hryðjuverkamönnum, er markað fyrir lífstíð.
- Barn sem upplifir stríð og býr við stöðugan ótta um að heimili sitt verði sprengt í loft upp, líður miklar kvalir.

Milljónir barna í heiminum þurfa hjálp.

Sum þurfa hjálp sérfræðinga til langs tíma; jafnvel nýja fjölskyldu og nýtt upphaf.

Þetta er sá raunveruleiki sem SOS Barnaþorpin starfa í. Við getum gert meira og viljum gera meira fyrir börnin. En til þess þurfum við þína hjálp.

Ef þú ert ekki styrktaraðili SOS Barnaþorpanna nú þegar, eru miklar líkur á því að einhver nágranna þinna sé það.

Við viljum bjóða þér að bætast í hópinn.

Það gæti skipt sköpum fyrir eitt barn þarna úti.

Hvers virði væri það?

Við hjá SOS Barnaþorpunum þökkum stuðninginn og óskum þér gleðilegra jóla.

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi.



Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum.



„Ég fyllist sorg og hugsa mikið til þeirra“

Hera heimsótti SOS barnaþorp í Palestínu og Ísrael

„Það snertir mig mjög djúpt. Ég fyllist sorg og hugsa mikið til þeirra, bæði Palestínu- og Ísraelsmegin. Það er svo gríðarlega sorglegt að þetta sé staðan,“ segir Hera Björk Þórhallsdóttir sem heimsótti SOS barnaþorp í nágrenni Nasaret í Ísrael og Betlehem í Palestínu.

Hera var bókuð til að skemmta á viðburðum í tengslum við Eurovision söngvakeppnina í Tel Aviv vorið 2019. Sem velgjörðasendiherra SOS Barnaþorpanna á Íslandi vildi hún nota tækifærið og kynna sér starfið í SOS barnaþorpum beggja vegna landamæranna. Hera fylgisti nú úr fjarlægð með ástandinu fyrir botni Miðjarðarhafs og hugsar til barnanna sem hún hitti.

„Ég man að við ræddum það á báðum stöðum hvað þetta væri erfið staða. Það var svona mín tilfinning þegar ég var þarna að viss partur væri öfgar í báðar áttir en svo er restin, bæði í Ísrael og Palestínu, bara að reyna að eiga eðlilegt líf. Í barnaþorpunum eru börn sem hafa þegar orðið fyrir áföllum og orðið viðskila við foreldra sína eða misst þá. Þetta er ekkert að gera þeim gott og ég er búin að hugsa mjög mikið til þeirra.“



Mynd: Válgjafir Magnússon

Myndin er listaverk í huga Heru.

Teiknaði mynd fyrir Heru

Hera rifjar upp hversu hlýlegar móttökur hún fékk í báðum barnaþorpunum og nefnir sem dæmi gestrisni barnanna í Betlehem þar sem henni var boðið í heimabakaða pizzu. „Þau sungu fyrir okkur og gáfu mér dásamlega mynd,“ minnst Hera með miklu stolti. Myndina gerði lítil stúlka með því leggja hönd Heru á blað og teikna útlínurnar. Á blaðið var skrifað á arabísku; „Hönd þín skilur mark sitt eftir hér.“ Skilaboðin segir Hera túlka þakklæti barnanna. „Vá hvað þetta var fallegt. Ég á þetta blað heima. Þetta er listaverk í mínum huga.“

Varð SOS-móðir eftir að hafa misst barn og eiginmann

Aðferðafræði SOS Barnaþorpanna við umönnun barnanna heillar Heru. „Þessar SOS-mæður eru mínar hetjur,“ segir Hera sem minnst sérstaklega þeirrar sem hún borðaði pizzuna með. „Hún hafði misst bæði manninn sinn og barn í stríðsátökum. Í staðinn fyrir að gefast upp sótti hún um vinnu hjá SOS Barnaþorpunum og vann sig upp í að verða SOS móðir. Algerlega magnað. Að sjá hvað börnin eru í góðum höndum, hvað þeim líður vel með mæðrunum.“

Upplifunin rímaði ekki við fjölmiðlaumfjöllun

Hera segir upplifun sína af heimsóknunum til Palestínu og Ísraels gerólíka því sem hún hafði verið mötuð af í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. „Ég var svona utanaðkomandi, mötuð af þessum upplýsingum, Ísrael þetta, Palestína þetta og Hamas hitt. En ég upplifði þetta þannig að þetta er bara fólk eins og ég, í gríðarlega erfiðum aðstæðum. Alla langar bara til að fá að vakna og líða vel. Ég fann ekki mikinn mun á milli SOS í Ísrael og Palestínu. Þau eru að tala saman. Þau vissu að ég væri að fara þarna á milli og skiluðu góðum kveðjum. Það eru allir að vinna að sama takmarkinu þarna sem er velferð barnanna.“



Vandamálið

Meirihluti barna og ungmenna sem fengið hafa heimili og fjölskyldu hjá SOS Barnaþorpunum eiga kynforeldra á líffi, ýmist annað eða báða foreldra sína. Það eru mismunandi ástæður eftir samfélögum fyrir því að börn verða umkomulaus og þurfa á tímabundinni eða varanlegri umönnun að halda annarsstaðar en hjá foreldrum sínum.



Ofbeldi, misnotkun og vanræksla



Andlát foreldris eða forráðamanns



Fátækt



Á vegangi eftir hamfarir eða stríðsátök



Andleg vanheilsa foreldris eða forráðaaðila



Skortur á félagsþjónustu



Barnahjónabönd og þunganir unglingsstúlkna

Lausnin

Fjölskylduefning SOS Barnaþorpanna er dýrmæt fjárfesting í að styrkja barnafjölskyldur svo þær sundrist ekki. Við tökum fyrstu skrefin með fjölskyldum út úr örbirgð svo þær geti staðið á eigin fótum og veitt börnunum bjarta framtíð. Þetta forvarnarverkefni SOS Barnaþorpanna dregur verulega úr fjölda barna sem verða umkomulaus og þurfa á annarri umönnun að halda. Skjólstæðingar fjölskylduefningar SOS hljóta þjálfun af ýmsu tagi svo sem í fjármálum og foreldrauppeldi, vaxtalaus lán, námsgögn og menntun fyrir börnin, nautgripi til ræktunar og hráefni til baksturs eða annarrar framleiðslu svo dæmi séu tekin.



Fatuma er fimm barna móðir í Eþíópíu sem missti eiginmann sinn árið 2015. Hann átti átta börn með annarri konu sem býr við hliðina á Fatumu og eftir fráfall hans gátu þær ekki lengur séð fyrir öllum börnunum. Aðeins tvö þeirra gátu sótt skóla og börnin fengu aðeins eina máltíð á dag í stað þriggja áður. Sum barnanna hrökkluðust úr námi og enduðu í barnaþrælkun. Fatuma gekk inn í fjölskylduefningu SOS árið 2018 sem fjármögguð er af SOS á Íslandi. Báðar þessar eiginkonur hins látna manns hjálpuðust að með börnin og landareignina eftir fráfall

hans, og nú fimm árum síðar er Fatuma að útskrifast úr íslensku fjölskylduefningunni. „Það hafa orðið miklar framfarir hjá fjölskyldunni á þessum fimm árum. Börnin geta nú sótt skóla og við getum ræktað landið okkar,“ sagði Fatuma þegar við hittum hana fyrr á árinu.

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna fjölskylduefningu í Eþíópíu, Malaví og Rúanda. Verkefnið er styrkt af utanríkisráðuneytinu og SOS-fjölskylduvinum.

VERTU SOS - FJÖLSKYLDUVINUR



Við fáum allskonar spurningar frá styrktaraðilum og hér eru svör við nokkrum þeirra



Spurt & svarað

Af hverju hef ég ekki fengið bréf um styrktarbarnið lengi?

SOS-foreldrar fá bréf tvisvar á ári frá barnaþorpinu með upplýsingum um styrktarbarnið, mynd af því í öðru bréfanna og almennar fréttir úr barnaþorpinu. Póstþjónusta er mismunandi í heiminum og þó sjaldgæft sé kann það að gerast að bréf tynist. Ef þig er farið að lengja eftir bréfi þá geturðu haft samband við okkur eða skráð þig með rafrænum skilríkjum á [Mínar síður](https://www.sos.is) á [sos.is](https://www.sos.is) þar sem bréfin eru aðgengileg rafrænt.



Skilar framlagið mitt sér örugglega á réttan stað?

Stutta svarið er já. Strangt eftirlit er með fjármálum alþjóðlegra hjálparstakana eins og SOS Barnaþorpanna sem lúta reglum alþjóðlegra eftirlitsstofnana. Tækniframfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en áður, í hvert barnaþorp. SOS Barnaþorpin á Íslandi skila ársreikningi sem samþykktur hefur verið af óháðri endurskoðunarskrifstofu.

Duga 3.900 kr. fyrir framfærslu barns?

SOS-foreldrar greiða 3.900 kr. á mánuði fyrir að styrkja eitt barn en framfærslukostnaður eins barns er vissulega nokkuð hærri. Þess vegna eru að meðaltali fjórir styrktarforeldrar sem standa að baki hverju barni, þó aðeins eitt íslenskt SOS-foreldri með hvert barn.

Hversu lengi er maður SOS foreldri?

Þegar þú byrjar að styrkja barn getur það verið á aldrinum 0-14 ára. Flest ungmennin flytja úr barnaþorpunum á bilinu 18-20 ára en stuðningur SOS-foreldra nær aldrei lengra en til 23 ára aldurs styrktarbarnsins. Þú getur hætt stuðningi hvenær sem er. Við skráningu fyrir styrktarbarn máttu tilgreina ef þú hefur séróskir um aldur styrktarbarns.

Hvað þarf ég að gera til að fá endurgreitt frá Skattinum?

Ekki neitt. Framlög þín til SOS Barnaþorpanna eru forskráð á skattframtalið þitt. 21.772 einstaklingar lækkuðu skattstofn sinn árið 2022 með framlögum til SOS. Algengt dæmi útreiknast þannig að SOS-foreldrar fá um 18.000 krónur endurgreiddar frá Skattinum fyrir hvert barn sem þeir styrkja. Eftir því sem styrkuppþæðin er hærri, því hærri verður endurgreiðslan.

Hvað fer stór hluti af framlaginu mínu í hjálparstarfið?

Að jafnaði fara 85% af framlögum í sjálft hjálparstarf samtakanna, þ.e. um 850 krónur af hverjum eitt þúsund krónum. Það er þó aðeins mismunandi milli styrktarleiða en nákvæmlega 85% framlaga SOS-foreldra fara til barnaþorpsins og nýtast til framfærslu barnsins. 15% af framlaginu þínu nýtast í umsýslu, t.d. eftirlit með þorpunum, þjónustu við styrktaraðila á Íslandi og öflun nýrra styrktaraðila.



SPURT & SVARAÐ

SPURT & SVARAÐ Á SOS.IS

„Tengdamamma táraðist og mamma fékk gæsa húð“

**Pórdís Kolbrún gaf móður sinni
frumlega jólagjöf eftir heimsókn
í SOS barnaþorp í Malaví**



Vítar Hans Steinar Blamason - Myndir: Hans og Inga Hrefna Sveinbjarnardóttir

Fjóla Katrín Ásgeirsdóttir var heima á Akranesi þegar hún frétti í fjölmiðlum að Pórdís Kolbrún dóttir hennar hefði heimsótt SOS barnaþorp í Malaví. Fjóla hefur verið SOS-foreldri stúlku í þessu barnaþorpi síðan 2012 en það vissi Pórdís ekki fyrr en eftir heimsóknina. Hún fór aftur í barnaþorpið til að hitta stúlkuna og gaf móður sinni óvænta jólagjöf sem hún mun aldrei gleyma.

Malaví er elsta samstarfsríki Íslands í alþjóðlegri þróunar- samvinnu og fór Pórdís Kolbrún Reykjörð Gylfadóttir, þáverandi utanríkisráðherra, í vinnuheimsókn þangað í desember 2022. Þar heimsótti hún m.a. SOS barnaþorpið í höfuðborginni Lilongve.

„Þær [SOS mömmurnar] leggja rosalega mikið upp úr því að reka heimili. Það voru mjög jákvæð hughrif að sjá umgjörðina. Börnin læra, leika og læra á lífið. Það var ótrúlega merkilegt að upplifa þetta svona með beinum hætti,“ segir Pórdís Kolbrún um þessa fyrstu heimsókn sína í SOS barnaþorp. Sjálf hefur hún styrkt börn í SOS barnaþorpum í Suður Ameríku síðan 2015 og gerir enn.

Sendi Pórdísi SMS

Fjóla Katrín vissi að dóttir hennar væri að fara til Malaví en hafði ekki hugmynd um að heimsókn í þetta barnaþorp væri á dagskrá. „Ekki fyrr en ég sá í fjölmiðlum hvar hún var stödd. Og þá bara, vá, þetta er þar sem stúlkun mín er,“ segir Fjóla sem sendi Pórdísi upplýsingar um styrktarbarnið sitt í SMS skilaboðum í þeirri von að hún gæti heimsótt barnaþorpið aftur og hitt stúlkuna. Og það er einmitt það sem Pórdís gerði, án þess þó að segja móður sinni frá því. Þar hitti hún stúlkuna og tvíbúrasystur hennar sem einnig býr á sama heimili. Þær eru nú 14 ára og svo skemmtilega vill til að systirin á líka styrktarforeldri á Íslandi, nánar tiltekið á Skagaströnd.



Pórdís hittir líka SOS móður systranna sem báðar eiga styrktarforeldra á Íslandi (SOS-foreldra).

Hélt myndinni leyndri fram á aðfangadagskvöld

Pórdís hafði þarna séð tækfiræri til að gefa mömmu sinni óvænta, frumlega og ógleymanlega jólagjöf enda stutt í jólin. Hún skyldi gefa henni mynd af sér með stúlkunni sem Fjóla hafði styrkt í 10 ár og fylgst með uppveiti hennar úr fjarlægð frá Íslandi. Pórdís hélt þessu leyndu fyrir móður sinni þar til á aðfangadagskvöld en þá vissu allir aðrir í fjölskyldunni hvað leyndist í litlum pakka sem Fjóla opnaði. Allir iðuðu af eftirvæntingu. „Það var mikill spenningur, þetta var aðalgjöfin,“ segir Pórdís en Fjóla gerði sér ekki strax grein fyrir því að þetta væri SOS stúlkun hennar á myndinni með Pórdísi.

„Pabbi spyr þá hvort þetta sé ekki stelpan á ísskápnum, því hún er með mynd af henni þar.“ Því tók Fjóla ekki trúanlega fyrr en Pórdís staðfesti það og eftir að hafa borið myndirnar saman var hún sannfærð. „Þá lít ég á tengdamömmu sem situr í horninu og það eru komin tár,

og mamma fékk gæsa húð," segir Þórdís og Fjóla tekur hlæjandi undir. „Þetta er ekki gjöf sem þú býst við. Maður bara klökknaði. Ég held að maður eigi aldrei eftir að upplifa þetta aftur," segir Fjóla.

Núna get ég sko aldeilis sagt þeim

Fjóla segist einnig hafa glaðst sérstaklega yfir því að geta slökkt í efasemdaröddum fólks í kringum sig um þessi góðgerðarframlög hennar. „Það er oft sem ég fæ að heyra; hvað ertu að þessu, þú veist aldrei hvort þetta skilar sér eða ekki. Núna get ég sko aldeilis sagt þeim það. Mér hefði aldrei dottið í hug að ég fengi svona rosalega sönnun fyrir því að þetta er að skila sér," segir Fjóla.

Ítarlegri útgáfu af viðtalinu við þær mæðgur má sjá í texta og myndbandi á [sos.is](https://www.sos.is)



„SOS Barnaþorpin eru fyrir mér framlenging á kærleika og umhyggju“

Langþráðir endurfundir Kalla og tvíburanna



Hún var tilfinningaþrungin stundin þegar Karl Jónas Gíslason hitti tvíburabræðurna Ísak og Samúel í SOS barnaþorpi í Eþíópíu fyrr á þessu ári. Kalli og tvíburarnir bundust órjúfanlegum böndum fyrir lífstíð þegar hann bjargaði lífi þeirra nýfæddra árið 2012. Til stóð að bera þá út í dauðann til að aflétta bölvun sem talin var hvíla á þeim en Kalla tókst að koma drengjunum á öruggt heimili í SOS barnaþorpinu þar sem þeir hafa alist upp og dafnað. Hann heimsótti þá árlega til ársins 2018 en síðan ekki aftur í nærri fimm ár.

Það er ekki hægt að tapa á þessu

Kalli er ekki aðeins bjargvættur Ísaks og Samúels heldur eru börnin hans styrktarforeldrar tvíburanna. „Að hitta strákana eftir þennan tíma var bara ómetanlegt. Það er bara rosalega erfitt að útskýra hvað það er að láta sér þykja vænt um. Strákarnir vita það og ég veit það. Það nægir. SOS Barnaþorpin eru fyrir mér framlenging á kærleika og umhyggju sem allir geta tekið þátt í. Það er ekki hægt að tapa á þessu. Að elska kostar alltaf. Þegar upp er staðið er það alltaf þess virði. Ísak og Samúel eru sönnun þess.“

Við fengum að festa endurfundina á myndband sem hægt er að sjá á [sos.is](https://www.sos.is).



Öðruvísi jóladagatal SOS Barnaþorpanna hefst 1. desember. Á hverjum degi fram að jólum opnast nýr gluggi með fræðandi myndböndum þar sem við fáum að líta í heimsókn til barna víðsvegar um heiminn.



Taktu þátt á [sos.is](https://www.sos.is)

JÓLADAGATAL

Öðruvísi
Jóladagatal

-Sælla er að gefa en þiggja

Mörg börn eiga **engan** að



Neyð barna í
heiminum hefur
sjaldan verið meiri

**Vertu SOS-foreldri
barns fyrir 128 kr.
á dag**



**SOS
BARNAPÖRPIN**

sos.is